31. Súgur. Nafnórðið "súgur" og talshátturinn: "Það fer mikið í súginn".

---

3 blöð qto.

Súgur.

Ordshátturinn, „Þad fer svo mikid í súginn" nun vera kunnur um land allt, einkum í sjávarþorpum sunnanlands og vestan, en gera má þó ráð fyrir ad almenningur geri sér eigi neina grein þess, vid hvad sé átt med orítaki þessu né heldur vid hvada súg, er menn se gja, „Þad fer svo mikid í súginn" eda „Þad gengur allt í súginn". Flestir renna þó grun í þad, ad meginhluti þess, sem í súginn fer, fari forgördum eda eydist med öllu svo, ad þad sé eigi frekar nothaft til neins, en þad sé sökum athugaleysis, óhagsýnis manna og hirduleysis, ad svo fer.

Íslenskan á fjöldan allan af fágætum og sígildum ordum í fórum sínum, sem ad ýmsu leyti standa í sambandi vid vinnur ord, ýmist sem nafnord, lýsingarord og talshætti; má þar til nefna og í sambandi vid nafnordid súgur, ord þau, er nú skal greina o.fl.

Adsúgur, brimsúgur, dragsúgur („í deildinni"), súgur um dyr, glugga, göng og þrompa, súg í lóni, ósi, í lá vid sand, vid sker í lóni og kletta undir björgum, þar sem sjórinn sogast ad eda frá, til ýmsra hlida o.s.frv. Þá er og talad um súg gegnum smugu, vinlanga, súg í nösum þess, sem mikid er nidri fyrir, í berjósti þess sem reidur er; súglaus, súgmikill, súgblautur, súgvatur í fæturnar og ad súgast hafi í gegnum samn á brókarleista o.s.frv.

Nú er þad vitanlegt, ad í engan þvíliktra súga er neitt þad látid, sem farid getur forgördum né út í vedur og vind, eda vid þvíbúist ad svo fari. Hinsvegar er þad fyrirfram vitad, ad allt þad, sem í súg þennan er látid – þ.e. súginn, sem ordatiltekid á vid – hlýtur ad verda ónothæft med öllu og ad engu gagni framar,

sökum þess, at eigi var nogilegrar hagsýni gætt, sparsemi eda þekkingar, þegar þad var þangad látid.

Hvada súgur er þad þá, sem átt er vid med talshættinum?

Súgur er áhald, verkfæri þad, er skipasmidir flestir verda ad nota vid báta og skipasmídar sínar. Mætti helzt líkja lögum hans vid venjulega reglijarþýsu, sem búid væri ad skafa svo mjög innan, ad gat væri komid í gegnum botn hennar, svo og annad gat eda ílöng rauf á annari hlid hennar eda bádum. ~~Verdur sídar ad þvi vikid og sýnt til hvers þau eru „þénanleg" vid nothun súgsins~~. Gót þessi vorn ættud til þess, ad nagla brotnunum mætti ná þadan, þegar búid var ~~ad sverfa naglann frá rónni~~ Báta- og skipasmidurinn notar súg sinn þannig: Hann rekur nagla utanfra inn úr byrdingnum og í gegnum bord þad, sem hann er ad fást vid í sídasta umfari; naglinn gengur þá eigi einungis inn úr bordinn, heldur og í gegnum band, röng eda kollhards-áfellu inni í bátnum eda skipinu; þegar svo naglinn er rekinn nógu langt og á þessa leid, lætur smidurinn hæfilega ró á naglann, en sökum þess, ad eigi er unnt ad þrýsta henni (rónni) nægilega fast ad bordinn med fingrunum einum eda áhaldi neinn nema súgnum, tekur smidur hann sér í hönd, lætur hausinn á honum á naglann og slæ svo á hann med hamri svo fast, ad róin þrýstist ad bordinn og sverfir þá smidurinn naglann af, upp vid róna og hnodar hann ad henni. Verki þessu er þar med lokid og þanning fer smidurinn ad vid naglana og rænar, sem festa þarf í umförunum, stefnum, lotum og langböndum unz lokid er smídinni.

En gerum nú rád fyrir, ad smidurinn kæmist af med tveggja þumlunga langan nægla, en notadi þess í stad nagla, sem væri þriggja þumlunga langur og gætti þess eigi, ad á þessa lund færi einn þumlungur naglans ad óþörfu í súginn,

og honum vnýtur med öllu, enda er ßad vitanlegt, ad allt ßad, er í súginn fer, verdur eigi notad til neins. Af ßessu má sjá, ad smidurinn gætti eigi nægilegrar hagsýni eda hyggindi í vali sínum um lengd naglans og ßví fór svo „mikid í súginn" hjá honum.

SSad er súgur ßessi og notkun hans, sem ég hygg ad talsháttur inn byggist á, en engum súgi ödrum, og ad ßetta sé sennilegasta skýringin á ßtr, hvada súgur ßad sé, sem menn láta tákna hvenskonar óßarfa eydslusemi sem vera vill og ßví sé um ßá sagt, ad ßeir láti „allt fara í súginn" hjá sér: Fara forgördum vegna fyrir hyggjuleysis- og van ßekkinge sakir. En mundi ßetta eigi vera hlidstætt ödru rádlagi manna í notkun ßess, sem ßeim gæti ßó ad gagni komid, ef ödru vísi vari ad ßér gert?

Hér er ad vísu ekki um mikla fjármuni ad reda ßegar teknir eru tveir naglar af misnumandi stord, ßrír ßumlungar notadir í stad tveggja ßumlunga, en verdmunur á ßeim er ßó í ranninni nokkur, en hitt ßó meira um vert, ad hugsa sér, ad vid byggingu bátsins eda skipsins fara mörg hundrad naglar og sannast ßá málsháttur inn, ad „margt smátt gerir eitt stórt," og ad oft reynist ßad satt, ad „margt fer í súginn", sem spara mætti og nota sér til gagns, ef vel vari á haldid.

Jon Talsson.